

Kannske leysumst við öll
bæði um bygðir og fjöll.
Kannske bráðnar vor álaga klaki.
Þú átt skínandi von,
vorsins vígdjarfi son,
þú átt vorsól að snjóskýja baki.

Orðið „vígdjarfur“ táknar þarna þá tegund hugrekkis, sem þarf til að þora að halda þar áfram, sem sleppir hugsunum þeirra, sem oss hafa kennt og undirbúið verkið.

Þegar styttir upp heimsél það, sem nú er, og sól hins sanna vors fer að skína um lönd öll og álfur, þá mun glögglega koma í ljós, hversu ljómandi vel þarna er ort.

Með hinum frægu orðum:

Falli fyrr
fold í ægi
steini studd
en stillis lof,

átti Snorri Sturluson vitanlega fyrst og fremst við það, að svo vel hefði hann ort, að það ætti skilið að vera uppi um allan aldur, eins og hann kemst að orði í Egils sögu. En engu síður má slíkt hið sama segja um ofangreind snilldarorð Þorsteins Erlingssonar.

Ritað á afmælisdag skáldsins 1942.

36. Feigð, sem þó má forðast

I

Eitthvert kvöld var í útvarpinu — með ekki alllitlum ýkjum sumsstaðar — sagt frá hinum stórmerkilegu og erfiðu rannsóknum, sem loks leiddu til þess, að meðal fannst við hinni illræmdu sárasótt, er talin hefir verið eitt af mannkynsins mestu meinum. Má þó bæta því við, að sárasóttin — ásamt hinum öðrum tegundum samfaraveikinda — er ennþá ískyggilegri en talið hefir verið. En til að glöggva sig á þessu, verður að styðjast að nokkru við enn önnur vísindi en þau sem koma við þá sögu, sem sögð var.

II

Með því að rannsaka jarðlögin og ýmsar dýraleifar sem þau hafa að varðveita, hafa menn komist að raun um, að á jörðu vorri hafa lifað mjög margar tegundir dýra, sem nú eru löngu liðnar undir lok, og margar þó höfðu verið til um milljónir ára. Og er nú býsna fróðlegt að veita því eftirtekt, að þegar að sögulokum dregur, hefir stundum mátt sjá mjög greinileg feigðarmerki á þessum dýrategundum, og þarf vitanlega ekki að efa, að ekkert dýr hinnar feigu tegundar hefir nokkru sinni haft nokkra minnstu hugmynd um þessa feigð.

III

Hjá því verður nú varla komist að líta á hinar ýmsu tegundir þeirra veikinda, er sárasóttin telst til, sem feigðarmerki mannkynsins, merki þess, að framtíð líftegundar, sem slík veikindi sækja á, sé í mestu hættu. Og þetta því fremur, sem feigðarmerkin eru fleiri. Skal það eitt nefnt, hversu mannkyninu hefir á þessum síðustu tímum í engu farið eins stórkostlega fram og í aðferðum til manndrápa og skemmdarverka. En sá mikli munur er á dýrunum, sem algerlega hafa liðið undir lok, og mannkyninu, að mennirnir geta áttað sig á því, hvílikur voði er á ferðum og fundið ráð til að afstýra honum, og jafnvel til að koma lífinu betur í framfarahorf, en nokkru sinni hefir verið áður.

IV

Enn sem komið er hefir hið illa mátt sín meira en hið góða í lífi mannkyns vors. Sorgir og þjáningar hafa mátt sín miklu meira til ills, en gleði og ánægja til góðs. Verður þessu ekki móti mælt, því að ef ekki væri svo, þá væri ekki útkoma lífsins hrörnun og dauði. En þó getum vér af því, hversu hið illa er illt, hversu sorg og þjáning er erfið, ekki síst ráðið, hversu mikilsvert það er, sem spillt er og eyðilagt, og hversu gott það mundi vera að geta lifað því lífi, sem ekkert fengi bugað. Og það er ekkert efamál, að tilgangurinn er nú einmitt sá, að þetta geti orðið.

Ákaflega mikilsverð er sú þekking, sem gerir unnt að lina þjáningar mannanna og hjálpa sjúkum líkama til að sigrast á veikindum. En þó er það víst, að verði feigðinni frá bægt sem nú vofir yfir mannkyninu, þá mun ekki þar við sitja. Ný þekking mun leiða til þess, að unnt verður að auka svo lífs-aflið, að hrörnun og veikindi verði gersamlega úr sögunni. Markmið sem stefna verður að er það, að meiri aldur þýði ávalt meiri þroska, og að lífi voru hér á jörðu verði lokið, ekki með dauða, heldur þannig, að flutst verði til fullkomnara mannfélags á einhverri annarri jarðstjörnu alheimsins. Fyrr getur ekki orðið um fullkomlega sigursælt líf að ræða, en dauðinn er sigraður. Og vilja lífsins til að vinna þann sig-ur er ekki hægt að efa, þó að langt virðist enn að því marki, hér á útjaðri sköpunarverksins.

4. sept. '44.

37. Fróðleg sýning og aðrar enn fróðlegri

I

Eitt og annað af því, sem mér kom í hug, er ég nokkru fyrir áramótin horfði á kvikmynd — eða réttara sagt, sá og heyrði hljómkvikmynd — virtist mér ástæða til að reyna að setja á pappírinn. — Jóhann Strauss var þarna sýndur á skemmtigöngu, og virtist þetta eiga að gefa nokkra hug-mynd um það, hvernig hinn ágæti vals, sem heitir „Sögur úr Vínarskógi“, væri til orðinn. Og var nú að vísu gott að heyra það lag, en hversu fráleitt að vera að gera úr þessu skrípa-mynd, nota alla þessa dráttleikni og ljósataækni til að sýna náttúruna í argasta spéspegli.

Ómerkilegur þótti mér langur þáttur um töfranemandann, sem í fjarveru meistarans reynir að fremja töfra, en verður í vandræðum, þar eð hann ræður ekki við afleiðingar tilburða sinna. Og ekki bætti undirsöngurinn úr. Kom mér í hug sem oftast: hversvegna er verið að hafa um hönd það sem engin skemmtun er að, þar sem tilgangurinn er þó að skemmta og gleðja? Menn ættu að gera sér ljóst, að einungis það sem unun er að heyra, er í raun og sannleika músík. Og ekki skal því leynt, að einmitt slík unun var þarna veitt